

Samrunatilkynning

Almennir lífeyrissjóðurinn/Lífsværk lífeyrissjóður Stytti tilkynning

1. Inngangur

Samrunatilkynning þessi er samin og send til Samkeppniseftirlitsins með hliðsjón af 6. mgr. 17. gr. a. í samkeppnislögum nr. 44/2005. Með samrunatilkynningunni fylgir samrunasamningur sjóðanna ásamt breytingum á samþykktum og vísast til þeirra skjala um nánari lýsingu samrunans.

Stjórnir sjóðanna álíta að samruninn hafi ekki neikvæð áhrif á þá samkeppnismarkaði sem sjóðirnir starfa á. Þeir þrír markaðir sem lífeyrissjóðirnir starfa á eru ekki fákeppnismarkaðir og því telja stjórnir sjóðanna að engin neikvæð áhrif verði af samrunanum á skilgreindum mörkuðum.

Markaðirnir þrír:

1. Samtryggingarsjóðir. Sá markaður er undanþeginn samkeppnislögum sbr. skilgreiningu í ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 8/2004 sem staðfest var í áfrýjunarmáli samkeppnismála nr. 1/2004.¹
2. Séreignardeildir. Sjóðirnir bjóða einstaklingum upp á að ávaxta greidd iðgjöld sem til eru komin vegna viðbótartryggingarverndar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
3. Fasteignalán. Sjóðirnir bjóða sjóðfélögum sínum upp á fasteignalán með veðum í fasteignum skv. lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Stjórnir telja að samruni sjóðanna hefði jákvæð áhrif fyrir sjóðfélaga sjóðanna á öllum ofangreindum mörkuðum, og einnig fyrir þá einstaklinga sem kunna að eiga í viðskiptum við sjóðinn í framtíðinni. Gert er ráð fyrir því að sameinaður sjóður veiti samkeppnishæfari vörur, þar sem gert sé ráð fyrir hlutfallslega minni kostnaði af starfsemi

¹ Sjá meðal annars bls. 21 í ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 8/2004
<https://www.samkeppni.is/media/samkeppnisrad/akvardanir/2004/akv0804.pdf>
sem staðfest var í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2004
https://www.samkeppni.is/media/afryjunarnefnd_samkeppnismala/2004/afr0104.pdf.

sjóðanna eftir sameiningu og auknum gæðum við fjárfestingarákvarðanir sameinaðs sjóðs. Haft skal í huga að engir hluthafar eiga lífeyrissjóðinn. Allur ávinningur af samruna rennur því til sjóðfélaga í formi bættra réttinda í samtryggingadeild og/eða með hlutdeild í hækkunum á innstæðum sjóðfélaga í séreignardeild vegna vænts minni kostnaðar.

Farin er sú leið að tilkynna samruna með styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 þar sem heildareignir séreignadeilda sameinaðs lífeyrissjóðs verða um 19,9% af öllum eignum séreignadeilda miðað við 31. desember 2025², en 13,5% af greiddum iðgjöldum í séreignalífeyrissparnað. Hlutfallið ætti því samkvæmt því að fara lækkandi. Hlutdeild sjóðanna á öðrum skilgreindum mörkuðum er mun minni.

2. Yfirlit yfir fyrirtæki sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein áhrif yfir

Yfiráð yfir Almenna lífeyrissjóðnum og Lífswerks lífeyrissjóði

Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífswerk lífeyrissjóður eru sjálfstæðir lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðirnir eru í eigu sjóðfélaga sinna og ekki með hlutafjäreigendur eða aðra aðila sem fara með yfiráð. Yfirstjórn beggja sjóða er í höndum sjóðfélaga og aðeins þeir hafa rétt til að kjósa og taka sæti í stjórnun. Enginn utanaðkomandi aðili hefur skipunarvald eða hlutdeild í ákvörðunum. Stjórnir bera ábyrgð á stefnumótun og rekstri sjóðanna og er starfsemin háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998 og nr. 129/1997. Sameinaður sjóður mun áfram lúta yfiráðum sjóðfélaga sinna. Eingöngu sjóðfélagar sem kjörnir eru af sjóðfélögum í lýðræðislegum kosningum sitja í stjórn sjóðsins.


Fyrirtæki undir yfiráðum samrunaaðila

Í samræmi við viðauka II í reglum nr. 1390/2020 ber að tilgreina þau fyrirtæki sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein yfiráð yfir, þ.e. þar sem sjóðirnir fara með ráðandi eignarhlut eða hafa áhrif á stefnumörkun og ákvörðunartöku (t.d. í gegnum stjórnarsetu eða samninga). Lífeyrissjóðir eru almennt fjárfestar í félögum án þess að hafa yfiráð í skilningi samkeppnislaga, en til að sýna heildarmynd má birta yfirlit yfir stærstu eignarhluti í innlendum félögum, þótt þeir feli ekki í sér yfiráð. Ekki er birt yfirlit yfir


² Sjá ársreikningabók lífeyrissjóða sem aðgengileg er á heimasíðu Seðlabanka Íslands:
<https://sedlabanki.is/page/44e5f0e8-4749-44b5-8ca8-bb167d4d84ba>

eignir í erlendum félögum, enda eignarhlutur íslenskra lífeyrissjóða í einstökum félögum smávægilegur á alþjóðlegum markaði.


Tafla 1. Helstu eignarhlutir Almenna lífeyrissjóðsins í skráðum félögum




Tafla 2. Helstu eignarhlutir Lífsverks lífeyrissjóðsins í skráðum félögum



Tafla 3. Helstu eignarhlutir sameinaðs lífeyrissjóðs í skráðum félögum



Tafla 4. Eignir sjóðanna í óskráðum félögum, sérhæfðum sjóðum og skuldabréfasjóðum



Athugið: Tölurnar miða við eignarhlut lífeyrissjóðanna 30. september 2025. Þessir eignarhlutir veita ekki yfirræð eða stjórnunarlegt vald í skilningi samkeppnislaga heldur endurspeglar fjárfestingarhlutverk sjóðanna.

Yfirlit yfir yfirræð

Engin félög eru undir beinum eða óbeinum yfirræðum samrunaaðila í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Báðir sjóðir eru fjárfestar sem dreifa eignum sínum samkvæmt fjárfestingarstefnu án ráðandi stöðu í neinum rekstrarfélögum. Því eru ekki tilgreind dótturfélög eða fyrirtæki sem þeir hafa yfirræð yfir.

Samstarf við aðra lífeyrissjóði

Samstarf Almenna lífeyrissjóðsins og Brúar lífeyrissjóðs um séreignarsparnað

Almenni lífeyrissjóðurinn og Brú lífeyrissjóður hafa hafið samstarf um séreignarsparnað, og hefur samstarfið verið í framkvæmd frá upphafi ársins 2025. Í því felst að Brú lífeyrissjóður veitir sjóðfélögum sínum upplýsingar um ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins fyrir séreignarsparnað, bæði vegna séreignar sem myndast með greiðslu lágmargsiðgjalds og vegna viðbótariðgjalds (viðbótarlífeyrissparnaðar).

Á síðustu árum hefur áhugi á séreignarsparnaði aukist, m.a. vegna hækkunar á skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð og aukins sveigjanleika við ráðstöfun séreignarsparnaðar. Í ljósi þessa fór Brú lífeyrissjóður í ítarlega greiningu á möguleikanum á að stofna að nýju séreignardeild og deild fyrir tilgreinda séreign. Niðurstaða þeirrar greiningar var að slíkt

væri fjárhagslega óhagkvæmt og gæti leitt til aukins rekstrarkostnaðar sjóðsins. Með hliðsjón af því var tekin ákvörðun um samstarf við Almenna lífeyrissjóðinn, sem hefur áratuga reynslu af rekstri séreignarsparnaðar, hefur skilað samkeppnishæfri langtímaávöxtun og leggur ríka áherslu á skýra og aðgengilega upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

Samstarfið felur ekki í sér breytingar á valfrelsi sjóðfélaga Brúar lífeyrissjóðs, sem áfram geta ráðstafað séreignarsparnaði sínum að eigin vali. Hins vegar mun Brú lífeyrissjóður, í gegnum samstarfið, veita sjóðfélögum sínum upplýsingar um þá valkosti sem í boði eru hjá Almenna lífeyrissjóðnum, þar sem sjö mismunandi ávöxtunarleiðir standa til boða. Þessar leiðir spanna allt frá 100% innlánsleið yfir í 100% erlenda eignadreifingu, sem veitir sjóðfélögum möguleika á að velja ávöxtunarleið í samræmi við aldur þeirra og áhættuþol. Þá er hvorki greiddur upphafskostnaður né sölukostnaður vegna séreignarsparnaðar hjá Almenna lífeyrissjóðnum.

Til grundvallar þessu samstarfi liggur viljayfirlýsing sem stjórnarformenn beggja lífeyrissjóða undirrituðu þann 21. janúar 2025.

Litið er svo á að samningur Almenna lífeyrissjóðsins við Brú lífeyrissjóð muni áfram gilda um sameinaðan sjóð.

Mat sjóðsins á samkeppnislegum áhrifum samstarfsins

Í tengslum við undirbúning samstarfsins fór fram ítarlegt mat á samkeppnislegum áhrifum þess í samræmi við 10. gr. samkeppnislaga. Við matið var sérstaklega horft til þess hvort Almenni lífeyrissjóðurinn og Brú lífeyrissjóður teljist keppinautar eða hugsanlegir keppinautar á þeim markaði sem samstarfið tekur til, þ.e. á markaði fyrir móttöku og ávöxtun bundins og frjáls lífeyrissparnaðar í séreign.

Niðurstaðan var sú að Brú lífeyrissjóður býður ekki upp á séreignarsparnað og hefur ekki haft slíka starfsemi frá árinu 2015. Þá hefur sjóðurinn ekki í hyggju að bjóða upp á séreignarsparnað, en það er ákvörðun sem stjórn sjóðsins hefur tekið eftir ítarlega greiningu. Samkvæmt því eru Almenni og Brú hvorki raunverulegir né hugsanlegir keppinautar á viðkomandi markaði. Ekki var talið að samstarfið hefði það að markmiði eða í för með sér að raska samkeppni, enda felst það einungis í því að Brú geti upplýst sjóðfélaga sína um valkosti sem í boði eru hjá Almenna, án þess að skerða valfrelsi þeirra eða koma á sameiginlegu verð- eða markaðssamráði.

Óháð mat kvað á um að samstarfið færi ekki í bága við 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt var lögð áhersla á að tryggja að samstarfið leiði ekki til ólögmætra upplýsingaskipta milli sjóðanna; samkvæmt fyrirbyggjandi fyrirkomulagi munu þeir einungis deila opinberum upplýsingum, sem er í samræmi við kröfur samkeppnislaga.

Helstu birgjar og þjónustuaðilar

Sjóðirnir nýta fjölbreytta þjónustu utanaðkomandi aðila í rekstri sínum, einkum á sviði upplýsingatækni, endurskoðunar og húsnæðisreksturs. Samningar þessir fela ekki í sér yfirráð, einkarétt eða nytjaleyfi í skilningi samkeppnislaga heldur byggjast á rekstrarlegu samstarfi og kaupum á staðlaðri þjónustu sem almennt er í boði á markaði.

Stafræn þjónusta og hugbúnaðarkerfi

Sjóðirnir reiða sig á fjölmarga samstarfsaðila á sviði hugbúnaðar og upplýsingatækni sem sjá um daglegan rekstur kerfa, gagnaöryggi og viðhald.

Helstu þjónustuaðilar eru eftirfarandi:

Tafla 5. Helstu þjónustuaðilar Almenna lífeyrissjóðsins

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
<i>Fuglar</i>	Rekstur lífeyriskerfisins Kríu	Sérhannað kerfi fyrir lífeyrissjóði sem heldur utan um réttindaávinnslu, greiðslur og skýrslugerð. Rekstrarlegt samstarf, auk þess sem Almenni fer með notkunar- og eignarétt á kóða.
<i>Five Degrees</i>	Lánakerfi fyrir útlán til sjóðfélaga	Sérhæfður hugbúnaður sem notaður er til lánastjórnunar. Kerfisþjónusta, ekki einkaleyfi eða markaðsráðandi áhrif.
<i>Creditinfo</i>	Lánshæfis- og greiðslumatskerfi	Notað við mat á lánsumsóknnum. Hefðbundin þjónusta á fjármálamarkaði.
<i>Sensa</i>	Hýsing, netþjónar, afritun og Microsoft 365	Annast skýjalausnir, rekstur kerfa (Kríu, Five Degrees, Navision o.fl.) og gagnaöryggi.
<i>Wise</i>	Bókhalds- og fjárhagskerfi (Business Central, Dynamics 365)	Umsýsla og innleiðing staðlaðra hugbúnaðarlausna.
<i>Júní Digital ehf.</i>	Vefumsjón og viðhald heimasíðu	Sjá um daglegan rekstur og uppfærslur vefs Almenna.
<i>Sahara ehf.</i>	Stafræn markaðssetning og efnissköpun	Hefðbundin þjónusta á sviði stafrænnar miðlunar.

Klappir grænar lausnir hf.	Hugbúnaðarlausnir vegna sjálfbærni og ESG-skilaframkvæmda	Kerfisþjónusta tengd sjálfbærniskýrslugjöf.
LOG lögmannsstofa	Löginnheimta, iðgjöld og sjóðfélagalán	Sjá um löginnheimtu fyrir vangreidd iðgjöld og vanskil sjóðfélagalána

Greiningar- og ráðgjafþjónusta

Þjónustuaðili	Þjónusta	Lýsing á tengslum
Creditinfo	Greiðslumat og peningaþvættiseftirlit	Hefðbundin upplýsingaþjónusta.
Syndis / Aftra ehf.	Netöryggisráðgjöf	Reglubundin vöktun og veikleikagreining netkerfa.
Talnakönnun	Tryggingafræðileg útreikningur	Lögbundin þjónusta skv. lögum um lífeyrissjóði.
Grant Thornton	Innri endurskoðun	Sjá um innri endurskoðun samkvæmt lögum nr. 129/1997.
Deloitte	Endurskoðun	Sjá um ytri endurskoðun samkvæmt lögum nr. 129/1997

Rafræn auðkenning og undirritun

Þjónustuaðili	Þjónusta	Lýsing á tengslum
Advanía Ísland ehf.	Signet og Signet login	Rafræn undirritunar- og auðkenningarlausn. Algeng markaðslausn sem keypt er með leyfi framleiðanda.
Dokobit	Undirritunarlausn	Rafræn þjónusta sem veitt er á samkeppnismarkaði.

Fjárhagsleg og eignatengd þjónusta

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
Íslandsbanki hf.	Fjármála- og verðbréfabjónusta	Skoðunaraðgangur að eignasöfnum og verðbréfaviðskipti.
Reiknistofa lífeyrissjóða (Jóakim)	Kerfisþjónusta	Aðgangur hjá Almenna að mestu óvirkur og verður lagður niður við sameiningu.
Kóði	Markaðsupplýsingar	Leyfi í Kodiak kerfi fyrir markaðsgögn.

Húsnæði, rekstur og öryggi

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
Merkúr ehf.	Leiga skrifstofuhúsnæðis	Húsnæði sjóðsins er leigt á almennum markaði.
Öryggismiðstöðin hf.	Öryggisvöktun og aðgangskerfi	Sjá um húsnæðisvöktun og brunaviðbragð.
Síminn hf.	Fjarskipta- og netþjónusta	Veitir síma- og netþjónustu fyrir skrifstofur sjóðsins.

Lífsverk lífeyrissjóður

Tafla 6. Helstu þjónustuaðilar Lífsverks lífeyrissjóðs

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
Reiknistofa lífeyrissjóða	Rekstur lífeyriskerfisins Jóakim	Sérhannað kerfi fyrir lífeyrissjóði sem heldur utan um réttindaávinnslu, verðbréfakerfi og skýrslugerð. Rekstrarlegt samstarf, auk þess sem Lífsverk er í eigendahópi RL sem er eigandi kerfisins.

<i>Greiðslustofa lífeyrissjóða</i>	Útgreiðsla lífeyris	Sér um útgreiðslu alls lífeyris. Lífsverk er í eigendahópi.
<i>Creditinfo</i>	Lánshæfis- og greiðslumatskerfi	Notað við mat á lánsúmsóknum. Hefðbundin þjónusta á fjármálamarkaði.
<i>Origo</i>	Hýsing, netþjónar, afritun og Microsoft 365	Annast skýjalausnir, rekstur kerfa, netbúnaðar og annars tölvubúnaðar. Sjá um net- og gagnaöryggi og almenna tækniþjónustu.
<i>Advania</i>	Bókhalds- og fjárhagskerfi (Business Central, Dynamics 365)	Umsýsla og innleiðing staðlaðra hugbúnaðarlausna.
<i>Hugsmiðjan hf.</i>	Vefumsjón og viðhald heimasíðu	Sjá um daglegan rekstur og uppfærslur vefs Lífsverks.
<i>OneSystem ehf</i>	Skjalakerfi (CRM) og umsóknarvefur	Skjölun viðskiptamanna og umsjón umsókna. Rafrænar undirritanir skjala.
<i>Sensa ehf</i>	Hýsing á vöruhúsi gagna	Hýsing á gögnum úr Jóakim fyrir vöruhús gagna (SQL grunnur).
<i>Fjárstoð</i>	Launavinnsla	Mánaðarleg launavinnsla og útgreiðsla launa og launatengdra gjalda.
<i>Motus/Lögheimtan</i>	Milli- og löginneheimta iðgjalda	Sjá um milli- og löginneheimtu iðgjalda.
<i>Landslög</i>	Löginneheimta sjóðfélagalána	Sjá um löginneheimtu sjóðfélagalána

Reitun hf.	Hugbúnaðarlausnir vegna sjálfbærni og ESG-skilaframkvæmda	Kerfisþjónusta tengd sjálfbærniskýrslugjöf.
-------------------	---	---

Greiningar- og ráðgjafþjónusta

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
<i>Creditinfo</i>	Lánshæfi og vanskilaskrá	Hefðbundin upplýsingaþjónusta.
<i>Keldan</i>	Peningaþvættiseftirlit	Hefðbundin upplýsingaþjónusta
<i>Tryggingafræðistofa Bjarna Guðmundssonar</i>	Tryggingafræðilegur útreikningur	Lögbundin þjónusta skv. lögum um lífeyrissjóði.
<i>PwC</i>	Endurskoðun	Sjá um ytri endurskoðun samkvæmt lögum nr. 129/1997.
<i>KPMG</i>	Innri endurskoðun	Sjá um innri endurskoðun samkvæmt lögum nr. 129/1997
<i>KPMG</i>	Regluvarsla	Halda utan um persónulega eignahluti verðbréfa hjá stjórn og starfsmönnum.
<i>Lex</i>	Lögfræðiþjónusta	Ýmis lögfræðiráðgjöf

Fjárhagsleg og eignatengd þjónusta

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
<i>Íslandsbanki hf.</i>	Innheimta skuldabréfa	Innheimta veðskuldabréf og skjalagerð tengd lánum.
<i>Kóði ehf.</i>	Markaðsupplýsingar	Leyfi í Kodiak kerfi fyrir markaðsgögn.

Húsnæði, rekstur og öryggi

<i>Þjónustuaðili</i>	<i>Þjónusta</i>	<i>Lýsing á tengslum</i>
Reitir atvinnuhúsnæði ehf.	Leiga skrifstofuhúsnæðis	Húsnæði sjóðsins er leigt á almennum markaði.
Hreint ehf	Þrif á skrifstofu	Kaupum beint af þeim þrif á skrifstofu Lífsværks
Öryggismiðstöðin hf.	Öryggisvöktun og aðgangskerfi	Sjá um húsnæðisvöktun og brunaviðbragð.
Síminn hf.	Fjarskipta- og netþjónusta	Veitir símaþjónustu fyrir skrifstofu og starfsmenn sjóðsins.

Sameinaður lífeyrissjóður

Við sameiningu lífeyrissjóðanna mun skráning iðgjalda, ávinnsla réttinda og inneignar ásamt utanumhaldi um lífeyrisgreiðslur færast yfir í Kríu lífeyriskerfi sem rekið er af Fuglum ehf. Samningum við þjónustuaðila Lífsværks og Almenna verður eftir atvikum sagt upp þegar tryggt hefur verið að yfirfærsla á milli kerfa geti og hafi átt sér stað. Mest áhrif má búast við að verði á lífeyris- og lánakerfum. Þannig er gert ráð fyrir flutningi Lífsværks úr kerfum Reiknistofu lífeyrissjóða (Jóakim) yfir í lífeyriskerfið Kríu og lánakerfi Five degrees. Lífsværk er eigandi að Reiknistofu lífeyrissjóða ásamt 11 öðrum lífeyrissjóðum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort breyting verður á því eignarhaldi vegna sameiningarinnar. Áhrif sameiningar koma því að stærstum hluta fram gagnvart Reiknistofu lífeyrissjóða. Í eigendahópi Reiknistofu lífeyrissjóðanna eru stórir og burðugir lífeyrissjóðir og ætti flutningur því ekki að hafa veruleg áhrif á rekstrarforsendur þess félags. Sjóðirnir telja að áhrif á aðra þjónustuaðila og birgja séu lítil eða hverfandi, enda hafa samruni takmörkuð áhrif á veltu þjónustuaðila.

Mat samrunaaðila

Að mati samrunaaðila fellur hvorki Almenni lífeyrissjóðurinn né Lífsværk lífeyrissjóðurinn undir yfirráðaákvæði samkeppnislaga gagnvart öðrum fyrirtækjum. Engin dótturfélög eða félög undir beinum eða óbeinum yfirráðum eru til staðar.

3. Lýsing á mörkuðum

3.1. Vöru- og þjónustumarkaðir

Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífsværk lífeyrissjóður starfa á sambærilegum grundvelli samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Starfsemi sjóðanna felst í móttöku iðgjalda, vörslu og ávöxtun fjármuna sjóðfélaga, greiðslu lífeyris ásamt lánveitingum til einstaklinga.

Í samræmi við viðmið samkeppnislaga nr. 44/2005 og framkvæmd Samkeppniseftirlitsins má skipta starfsemi sjóðanna í þrjá megin vöru- og þjónustumarkaði:

1. Skyldulífeyrissparnaður
2. Séreignarsparnaður
3. Fasteignalánamarkaður

Sameinaður lífeyrissjóður mun starfa á sömu mörkuðum og aðilar samrunans gera í dag. Samruninn er ekki talinn hafa teljandi áhrif á samkeppni þar sem markaðirnir eru undir ströngu regluverki, undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og mótast af lagalegum kvöðum sem tryggja jafnræði milli aðila. Markaðshlutdeild sameinaðs sjóðs verður áfram hófleg og samkeppni frá öðrum lífeyrissjóðum, bönkum og fjármálafyrirtækjum mun halda áfram að vera virk.

1. Skyldulífeyrissparnaður (lífeyrissjóðir): Þessi markaður nær til starfsemi lífeyrissjóða sem taka við skylduiðgjöldum samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðir veita sjóðfélögum réttindi til lífeyrisgreiðslna í samræmi við samþykktir sjóðanna og lög um lífeyrissjóði.

2. Séreignarsparnaður (vörsluaðilar séreignarsparnaðar): Þessi markaður felur í sér þjónustu vörsluaðila sem taka við frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði einstaklinga, og öðrum séreignarsparnaði, þ.e. þeim sem myndast af lágmarksiðgjaldi. Séreignarsparnaður getur þannig bæði myndast af lágmarksiðgjaldi (skylduiðgjaldi) og viðbótariðgjaldi, en saman kallast þá sparnaðurinn séreignarlífeyrissparnaður, samkvæmt lögum nr. 129/1997. Þjónustan felst í vörslu og ávöxtun fjármuna sem einstaklingar leggja fyrir til viðbótar við skyldulífeyrissparnað. Þjónustuaðilar á þessum markaði eru lífeyrissjóðir, bankar, sjóðastýringarfyrirtæki og erlendir þjónustuveitendur sem starfa samkvæmt 8. gr. laga nr. 129/1997. Séreignarsparnaður er valkvæður og hefur aðra eiginleika en skyldulífeyrissparnaður.

3. Fasteignalánamarkaður (lánveitendur): Þessi markaður samanstendur af lánveitendum sem veita fasteignalán til einstaklinga. Lífeyrissjóðir veita fasteignalán til sjóðfélaga í samkeppni við banka, sparisjóði og aðra fjármögnunaraðila. Lífeyrissjóðir hafa tekið þátt

á þessum markaði með því að veita sjóðfélögum lán til íbúðarkaupa. Fasteignalán frá lífeyrissjóðum eiga í samkeppni við lán frá fjármálastofnunum, svo sem bönkum og sparissjóðum. Samkeppni er einnig á milli lífeyrissjóða, en sú samkeppni ræðst af því hvort umsækjandi eigi lánsrétt hjá fleiri en einum lífeyrissjóði.

Við skilgreiningu þessara markaða er tekið mið af eiginleikum þjónustunnar, verðlagningu og fyrirhugaðri notkun, í samræmi við 4. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þar segir að viðkomandi vörumarkaður sé markaður fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.

Samkeppnisskilyrði á þessum mörkuðum ráðast af þáttum eins og lagalegum kvöðum, regluverki um fjárfestingarheimildir, samkeppni milli lánveitenda, og möguleikum sjóðfélaga til að flytja réttindi sín milli sjóða og öðlast lánsrétt.

3.1.1. Hlutdeild lífeyrissjóðanna á viðkomandi mörkuðum

Hér verður almennt fjallað um hlutdeild lífeyrissjóðanna á þeim þrem mörkuðum sem um ræðir. Hlutdeild þeirra á skyldulífeyrismarkaði kemur fyrst, en þar má sjá að hlutdeild Almenna er 3% af markaði, en hlutdeild Lífswerks 2%. Hlutdeild sameinaðs sjóðs verður því 5% á þeim markaði.

Töflurnar hér að neðan eru töflur um eignir sjóðanna. Almenni er sjöundi stærsti lífeyrissjóður landsins með um 477 milljónir króna í eignir miðað við síðustu áramót, en Lífswerk er tólfthi stærsti lífeyrissjóður landsins með 190 milljónir króna miðað við síðustu áramót. Sameinaður sjóður verður fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins með 667 milljarða króna eignir miðað við síðustu áramót.

Talnaefni í töflum eru annars vegar fengnar úr ársreikningabók lífeyrissjóða miðað við stöðu 31. desember 2024³ og svo hins vegar af gagnatorgi Seðlabankans fyrir skuldir heimila við fjármálafyrirtæki⁴.

³ <https://sedlabanki.is/gagnatorg/lifeyrissjodir/arsreikningar-lifeyrissjoda/>

⁴ <https://sedlabanki.is/gagnatorg/fjarmalareikningar-fjarmalafyrirtaekja/>

Tafla 6. Eignir lífeyrissjóða í milljörðum króna

Eignir í milljörðum króna


Nr.	Lífeyrissjóður	Samtals	Vægi	Samtrygging	Vægi	Séreign	Vægi	Fj. Samtr.	Fj. séreign
1	LSR	1.567	19%	1.536	21%	31	3%	2	4
2	Live	1.458	18%	1.420	19%	37	4%	1	4
3	Gildi	1.127	14%	1.117	15%	10	1%	1	3
4	Birta	696	8%	669	9%	27	3%	1	3
5	Brú	557	7%	557	8%	-	0%	4	
6	Frjálsi	533	6%	179	2%	354	38%	1	5
7	Almenni	477	6%	225	3%	252	27%	1	6
8	Stapi	431	5%	420	6%	11	1%	1	4
9	Festa	320	4%	318	4%	2	0%	1	2
10	SL	292	4%	287	4%	5	1%	1	3
11	Íslenski	191	2%	47	1%	144	16%	1	4
12	Lífsvær	190	2%	150	2%	40	4%	1	3
14	Lífbank	119	1%	119	2%	-	0%	2	
17	Lsj. Vestmannaeyja	97	1%	95	1%	1	0%	1	2
19	EFÍA	69	1%	69	1%	-	0%	1	
21	Lsj. bænda	46	1%	46	1%	-	0%	1	
22	Lsj. stm. Bí	25	0%	25	0%	-	0%	1	
23	LRang	23	0%	23	0%	-	0%	1	
24	Lsj. stm. Akureyrarbæjar	15	0%	15	0%	-	0%	1	
25	Tannlæknar	11	0%	3	0%	8	1%	1	1
Samtals:		8.241	100%	7.320	100%	921	100%		

Heimild: Ársreikningabók lífeyrissjóða 2024


Tafla 7. Eignir lífeyrissjóða og vörsluðila séreignarsparnaðar í milljörðum

Nr	Aðilli	2024	Vægi	Samtrygging	Vægi	Séreign	Vægi	Fjöldi deilda Samtr. Séreign
1	LSR	1.567	17,9%	1.536	21,0%	31	2,1%	2 4
2	Live	1.458	16,6%	1.420	19,4%	37	2,5%	1 4
3	Gildi	1.127	12,8%	1.117	15,3%	10	0,7%	1 3
4	Birta	696	7,9%	669	9,1%	27	1,8%	1 3
5	Brú	557	6,3%	557	7,6%	-	0,0%	4
6	Frjálsi	533	6,1%	179	2,4%	354	24,2%	1 5
7	Almenni	477	5,4%	225	3,1%	252	17,2%	1 6
8	Stapi	431	4,9%	420	5,7%	11	0,7%	1 4
9	Festa	320	3,6%	318	4,3%	2	0,1%	1 2
10	SL	292	3,3%	287	3,9%	5	0,3%	1 3
11	Íslenski	191	2,2%	47	0,6%	144	9,8%	1 4
12	Lífsvær	190	2,2%	150	2,1%	40	2,7%	1 3
13	Arion Banki	169	1,9%	-	0,0%	169	11,5%	7
14	Lífbank	119	1,4%	119	1,6%	-	0,0%	2
15	Landsbankinn	109	1,2%	-	0,0%	109	7,5%	3
16	Íslandsbanki	97	1,1%	-	0,0%	97	6,6%	10
17	Lsj. Vestmannaeyja	97	1,1%	95	1,3%	1	0,1%	1 2
18	Allianz	92	1,1%	-	0,0%	92	6,3%	1
19	EFÍA	69	0,8%	69	0,9%	-	0,0%	1
20	Sparnaður	68	0,8%	-	0,0%	68	4,6%	1
21	Lsj. bænda	46	0,5%	46	0,6%	-	0,0%	1
22	Lsj. stm. Bí	25	0,3%	25	0,3%	-	0,0%	1
23	LRang	23	0,3%	23	0,3%	-	0,0%	1
24	Lsj. stm. Akureyrarbæjar	15	0,2%	15	0,2%	-	0,0%	1
25	Tannlæknar	11	0,1%	3	0,0%	8	0,5%	1 1
26	Kvika	6	0,1%	-	0,0%	6	0,4%	7
27	Lífsvæl	3	0,0%	-	0,0%	3	0,2%	4
28	Tryggingar & ráðgjöf	0	0,0%	-	0,0%	0	0,0%	1
Samtals:		8.785		7.320		1.466		25 78


Tafla 8. Hlutfall sjóðanna af heildareignum lífeyrissjóða




Tafla 9. Hlutfall sjóðanna af heildariðgjöldum sem greidd eru til lífeyrissjóða




Tafla 10. Hlutfall sjóðanna af heildareignum séreignardeilda



Tafla 11. Hlutfall sjóðanna af heildariðgjöldum séreignardeilda



Tafla 12. Hlutfall sjóðanna af lánamarkaði



3.2. Landfræðilegir markaðir

Við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði er litið til þess svæðis þar sem hlutaðeigandi lífeyrissjóðir starfa og þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík. Lífeyrissjóðir í íslensku lífeyriskerfi starfa samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og eru því bundnir við íslenskan markað.

Markaðirnir sem um ræðir í samrunanum, þ.e. skyldulífeyrissparnaður, séreignarsparnaður og fasteignalánamarkaður, lúta allir innlendra löggjöf og eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Aðgangur að þessum mörkuðum er háður skilyrðum sem sett eru í lögum og reglugerðum, sem takmarkar möguleika erlendra aðila til að veita sams konar þjónustu. Þó er heimilt samkvæmt 8. gr. laga nr. 129/1997 að erlend fjármálafyrirtæki, sem hafa starfsleyfi í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, veiti þjónustu á íslenskum markaði í tengslum við séreignarsparnað.

Með hliðsjón af þessu er landfræðilegur markaður í þessu tilviki allur íslenski markaðurinn, þar sem starfsemi lífeyrissjóða er bundin við einstaklinga sem eru starfandi á Íslandi og þar sem samkeppnisskilyrði eru þau sömu um allt land. Ekki er um að ræða staðbundna samkeppni, heldur starfa lífeyrissjóðir á landsvísu og falla allir undir sama laga- og regluverksramma.

Þessi skilgreining er í samræmi við þá nálgun sem beitt hefur verið í úrskurðum samkeppnisyfirlalda, þar á meðal í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2004, þar sem landfræðilegur markaður lífeyrissjóða var talinn vera allur íslenski markaðurinn.

Markaðssvæði fyrir skyldulífeyrissparnað og séreignarsparnað er almennt allt Ísland, þar sem lífeyrissjóðir geta tekið við iðgjöldum frá launþegum óháð búsetu eða starfsgrein. Hins vegar getur skipting lífeyrissjóða eftir starfsgreinum og kjarasamningum haft áhrif á flæði sjóðfélaga milli sjóða. Þá má nefna að erlendir aðilar sem starfa á EES svæðinu, einkum váttryggingafélög á borð við Allianz, Bayern og VPV, bjóða upp á lífeyristryggingar til Íslendinga á þessum markaði.

Í tilviki fasteignalána er landfræðilegur markaður mótaður af regluverki, aðgangsskilyrðum og samkeppnisumhverfi lánveitenda. Fasteignalán til einstaklinga á Íslandi eru veitt í íslenskum krónum, undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, og falla undir lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Regluverk um fasteignalán setur ítarlegar reglur um veðhlutföll, greiðslubyrðarhlutfall, upplýsingaskyldu og neytendavernd og einnig sérstakar reglur um gjaldmiðla í lánveitingum, sem gilda jafnt fyrir alla lánveitendur á íslenskum markaði. Hvorugur sjóður veitir lán tengd erlendum gjaldmiðlum, sbr. 13. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016. Þá þurfa

umsækjendur að lánum að hafa lögheimili á Íslandi eða geta sýnt fram á lögheimilisflutning til landsins og tekjur í íslenskum krónum.

Lífeyrissjóðir, bankar, sparissjóðir og önnur fjármálafyrirtæki starfa innan þessa regluverks, og eru því bundin við íslenskt lagaumhverfi. Aðgangshindranir, þar á meðal lagaleg skilyrði, gjaldmiðill viðskipta, strangar reglur og upplýsingaskylda vegna lána í erlendri mynt, og krafa um veð í fasteignum sem eru skráðar í íslenska þinglýsingakerfinu, takmarka möguleika erlendra aðila til inngöngu á markaðinn.

Pótt fasteignaverð, efnahagslegar aðstæður og eftirspurn eftir lánsfé geti verið mismunandi milli landsvæða (t.d. höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar), eru samkeppnisskilyrði lánveitenda engu að síður talin nægilega lík um allt land. Bankar og lífeyrissjóðir bjóða lán sín á landsvísu, og kjör og vextir eru almennt ákvörðuð miðlægt, en ekki eftir svæðisbundnum forsendum. Lán eru aðgengileg neytendum óháð búsetu og flest samskipti við lánveitendur fara fram rafrænt eða í gegnum miðlæga þjónustustaði.

Pegar litið er til þess hvernig samkeppni birtist á markaði fyrir fasteignalán til neytenda, má draga þá ályktun að samkeppnisskilyrði séu nægilega lík um allt Ísland til að telja landfræðilegan markað vera landsvísan. Engin vísbending er um að til staðar séu svæðisbundnir undirmarkaðir með sjálfstæð lánskjör eða skilyrði sem aðgreina markaðinn innanlands.

Með hliðsjón af framangreindu telja sjóðirnir að landfræðilegur markaður fasteignalána í þessu tilviki sé allt Ísland, þar sem lánveitingar fara fram í íslenskum krónum, tryggingar eru veittar með veði í fasteignum hér á landi, lán eru ekki veitt til aðila með lögheimili utan Íslands, ekki eru veitt lán tengd erlendum gjaldmiðlum, og samkeppnisskilyrði og reglur um veitingu fasteignalána eru þau sömu óháð landshluta eða búsetu lántaka innanlands.

4. Rökestutt mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans

4.1. Almenn samkeppnisáhrif og mat á markaðsstöðu

Stjórnir Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsværks lífeyrissjóðs telja að samruninn hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem sjóðirnir starfa á. Starfsemi sjóðanna nær til þriggja meginmarkaða:

1. **Markaður fyrir skyldulífeyrissparnað (samtryggingardeildir)** Markaðurinn er lögbundinn, með takmarkaða samkeppni, þar sem aðild er skyldubundin samkvæmt lögum nr. 129/1997. Aðild að tilteknum sjóðum ræðst yfirleitt af kjarasamningum eða sérlægum, en minni en helmingur einstaklinga á vinnumarkaði hefur frjálst val um skyldulífeyrissparnað, sem takmarkar samkeppni. Markaðurinn er mjög dreifður, en 20 lífeyrissjóðir bjóða upp á skyldulífeyrissparnað. Mat sjóðanna beggja er að samruninn muni ekki hafa áhrif á þessa skipan, né á valkosti sjóðfélaga eða verðmyndun, og er því ekki talin raska samkeppni á markaði fyrir skyldulífeyrissparnað. Stærstu lífeyrissjóðirnir eru LSR, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Birta lífeyrissjóður og Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Þessi hluti starfseminnar er samkvæmt ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 8/2004 og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2004 ekki talin falla undir samkeppnislög í hefðbundnum skilningi.
2. **Markaður fyrir séreignarsparnað (viðbótarlífeyrissparnað og tilgreinda séreign)** Á þessum markaði er virk samkeppni milli lífeyrissjóða, banka og annarra vörsluaðila. Sameinaður lífeyrissjóður mun hafa samtals um 19,9% markaðshlutdeild sé miðað við heildar eignir en 13,5% sé tekið mið af greiddum iðgjöldum sl. ár, sem er hófleg hlutdeild miðað við stærð markaðarins og fjölda keppinauta. Stærstu keppinautar eru m.a. Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbanki sem samanlagt ráða yfir verulegum hluta markaðarins. Um 80 ávöxtunarleiðir eða fjárfestingarleiðir standa íslenskum neytendum til boða á markaði í dag og þá geta íslenskir neytendur valið um fjölda lífeyristrygginga hjá erlendum tryggingafélögum. Almenni lífeyrissjóðurinn býður nú upp á sjö ávöxtunarleiðir, en Lífsværk þrjár. Stefnt er að því að ávöxtunarleiðir verði sjö eftir sameiningu. Sameiningin mun því hvorki leiða til markaðsráðandi stöðu né markverðrar skerðingar á vali sjóðfélaga, þar sem áfram verða um 80 séreignarleiðir í boði á markaði. Þvert á móti eykst samkeppnishæfni sameinaðs sjóðs gagnvart öðrum stórum aðilum með aukinni getu til að veita betri og skilvirkari þjónustu.
3. **Markaður fyrir fasteignalán til neytenda.** Lífeyrissjóðir keppa hér við banka, sparisjóði og aðra fjármögnunaraðila. Sameinaður sjóður mun hafa um 2,96% hlutdeild af heildarskuldum heimila með veði í íbúð, sem er mjög lítil markaðshlutdeild í samanburði við helstu keppinauta, svo sem Íslandsbanka, Landsbanka, Arion banka og Kviku banka. Markaðurinn er þannig fjölmennur og dreifður, og samruninn hefur takmörkuð áhrif á möguleika neytenda til að velja milli lánveitenda.

4.2. Vöruframboð og eftirspurn

Vöruframboð og þjónusta lífeyrissjóða er almennt stöðluð og lögbundin, en þó með möguleika á mismunandi ávöxtunarleiðum og þjónustustigi. Samruninn hefur ekki markverð áhrif á vöruúrval eða þjónustuval sjóðfélaga, þar sem fyrir eru 80 séreignarleiðir á markaði. Sjóðfélagar geta auk þess valið að ráðstafa iðgjaldi sínu til a.m.k. þriggja mismunandi tryggingafélaga sem bjóða upp á lífeyristryggingar. Eftirspurn á viðeigandi mörkuðum er stöðug og háð lögum og kjarasamningum. Á markaði fyrir séreignarsparnað og fasteignalán er áfram mikil samkeppni og virkt framboð annarra þjónustuaðila. Aukið umfang og fjárhagslegt bolmagn sameinaðs sjóðs mun stuðla að því að sjóðfélagar geti notið hagkvæmari kjara og lægri umsýslugjalda.

4.3. Aðgangshindranir og samkeppnisskilyrði

Aðgangshindranir að lífeyrissjóðamarkaði eru fyrst og fremst lagalegar og rekstrartæknilegar, en ekki tengdar samrunanum. Til að starfa sem lífeyrissjóður þarf starfsleyfi að uppfylla strangar reglur um fjárfestingar, upplýsingagjöf og eftirlit samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit. Samruninn breytir ekki þessum skilyrðum og skapar engar nýjar hindranir fyrir aðra aðila til að starfa á markaðnum.

Á markaði fyrir séreignarsparnað geta viðskiptabankar, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög keppt á jafnréttisgrundvelli. Erlend váttryggingafélög á borð við Allianz, Bayern og VPV hafa þegar haslað sér völl á markaðnum, sem sýnir að aðgangur er opin fyrir nýja aðila. Þá er á fasteignalánamarkaði virkur fjöldi lánveitenda og lítil samþjöppun miðað við heildarmarkað.

4.4. Áhrif samrunans á sjóðfélaga og neytendur

Samruninn hefur að mati stjórna lífeyrissjóðanna í för með sér jákvæð áhrif fyrir sjóðfélaga og þar með neytendur í skilningi samkeppnislaga. Allur ávinningur af sameiningunni rennur til sjóðfélaga, þar sem lífeyrissjóðir hafa enga hluthafa. Helstu jákvæðu áhrifin eru:

- **Stærðarhagkvæmni:** Samruninn getur leitt til lægri rekstrarkostnaðar og hagkvæmari nýtingar fjármuna.
- **Betri ávöxtunarmöguleikar:** Aukið bolmagn gerir sameinuðum sjóði kleift að dreifa fjárfestingum betur og njóta betri kjara hjá samstarfsaðilum í krafti stærðar.
- **Bætt þjónusta:** Stærri sjóður hefur aukna getu til að þróa stafræn kerfi og bæta upplýsingaöflun og samskipti við sjóðfélaga.

- **Aukinn stöðugleiki:** Sameinaður sjóður verður fjárhagslega sterkari og með fjölbreyttara eignasafn, sem dregur úr áhættu.

Samruninn stuðlar þannig að skilvirkari og stöðugri starfsemi á íslenskum lífeyrismarkaði og er í samræmi við langtímamarkmið stjórnvalda um hagræðingu og einföldun í starfsemi lífeyrissjóða. Fyrir sameiningu lífeyrissjóðanna voru 20 starfandi lífeyrissjóðir og því ekki um fákeppnismarkað að ræða.

4.5. Niðurstaða

Að mati stjórna Almenna lífeyrissjóðsins og Lífswerks lífeyrissjóðs mun samruninn:

- ekki raska samkeppni á neinum þeirra markaða sem sjóðirnir starfa á,
- ekki leiða til markaðsráðandi stöðu eða hindrana fyrir nýja aðila,
- styrkja stöðu sjóðfélaga með aukinni hagkvæmni og bættri þjónustu,
- og stuðla að heilbrigðari og skilvirkari starfsemi á íslenskum lífeyrismarkaði til lengri tíma.

Samruninn hefur því jákvæð samkeppnisleg áhrif, bæði fyrir sjóðfélaga og markaðinn í heild í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005.

5. Fylgigögn

Meðfylgjandi samrunatilkynningu þessari eru eftirfarandi skjöl:

- Afrit af viljayfirlýsingu, undirrituðum af stjórnnum beggja lífeyrissjóða 4. mars 2025.
- Afrit af samrunasamningi, undirrituðum af stjórnun beggja lífeyrissjóða 24. september 2025.
- Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins 2024.
- Ársreikningur Lífswerks lífeyrissjóðs 2024.
- Afrit af glærुकynningu sjóðanna fyrir SKE í október 2025.
- Afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds skv. 8. gr. reglna nr. 1390/2020.

Engar trúnaðarupplýsingar er að finna í samrunatilkynningu þessari eða í fylgiskjöllum hennar.

6. Yfirlýsing

Undirritaðir lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Almenna lífeyrissjóðsins og Lífsverks lífeyrissjóðs,

2. desember 2025.

Gunnar Baldvinsson
framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins

Jón L. Árnason
framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs

Undirritunarsíða

Gunnar Þór Baldvinsson

Jón Loftur Árnason